

GJALDSKRÁ**Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.****I. SMÁSALA****Gjaldskrárlíðir.**

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1 Heimilisnotkun.

| | |
|------------------|-------------|
| Orkugjald | 3,85 kr/kWh |
| Fastagjald | 1 870,00 |

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtíma notkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkja-gerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

| | |
|------------------|---------------|
| Orkugjald | 5,77 kr/kWh |
| Fastagjald | 1 870,00 kr/a |

A.3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

| | |
|------------------|-------------|
| Orkugjald | 3,33 kr/kWh |
| Fastagjald | 1 870,00 |

A.4 Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

| | |
|------------------|-------------|
| Orkugjald | 1,30 kr/kWh |
| Fastagjald | 7 480,00 |

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

| | |
|--|----------------|
| Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW | 20 800,00 kr/a |
| Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafstillingu 20 kW | 2 870,00 kW/a |
| Orkugjald af allri notkun | 0,52 kr/kWh |
| Orkugjald af notkun umfram aflstillingu | 3,85 kr/kWh |
| Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. | |

A.6 Almenn notkun.

Öll almenn notkun svo sem lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

| | |
|------------------|-------------|
| Orkugjald | 4,99 kr/kWh |
| Fastagjald | 1 870,00 |

B.1 Aflmæling.

Öll meiri háttar véla- og iðnaðarnotkun.

| | |
|------------------------------|-------------------|
| Lágmarksaflgjald 12 kW | 61 320,00 kr/a |
| Aflgjald umfram 12 kW | 5 110,00 kr/kWh/a |
| Orkugjald | 1,60 |

C.1 Hitun.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

| | |
|------------------|-------------|
| Orkugjald | 0,77 kr/kWh |
| Fastagjald | 1 870,00 |

Roftími er allt að 2 × 1½ klukkustund á dag.

C.2 Hitun.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

| | |
|-----------------|-------------|
| Orkugjald | 0,49 kr/kWh |
|-----------------|-------------|

Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.

D.1 Hitun.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

| | |
|------------------|-------------|
| Orkugjald | 1,30 kr/kWh |
| Fastagjald | 1 870,00 |

Roftími er allt að 2 × 1½ klukkustund á dag.

D.2 Hitun.

Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

| | |
|-----------------|-------------|
| Orkugjald | 0,81 kr/kWh |
|-----------------|-------------|

Roftími er allt að 15 klukkustundir á dag.

Lokun.

Gjald fyrir lokunaraðgerðir á veitu vegna vanskila eru samtals kr. 713,00.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.**1. Utanhússlýsing.**

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

2. Sumarbústaðanotkun.

Orkuverð A.4 fylgir orkuverði D.1.

3. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

4. Aflgjaldsmæling.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskýlt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda, en hjá fiski-bræðslum, fiskimjölsværsmiðjum og við hliðstæða notkun, meðaltal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 12 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall.

Rafmagnsveiturnar geta krafist notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos Ø undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.

2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfínanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur Orkubúið sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Sölugjald 23,5% og verðjöfnunargjald 19% eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A.4, A.5, C.1, C.2, D.1 og D.2 og tilsvareandi fastagjöldum.

Gjaldskrárverð breytast til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

II. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI

Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Orkubússtjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsóknum gera grein fyrir væntanlegri raforkunotkun næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.

2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:

2.1. Heimtaug.

| Varstærð A | Stofngjald kr. | Jarðstrengur gjald af yfirlengd ¹⁾ kr/m |
|--|-------------------|---|
| 63 þriggjafasa | 28 700,00 | 661,00 |
| 100 þriggjafasa | 44 300,00 | 823,00 |
| 200 þriggjafasa | 88 600,00 | 962,00 |
| 315 þriggjafasa | 141 000,00 | 1 220,00 |
| Stofnvarkassi tengdur við loftlínu (sjá lið 3.2) | 5 140,00 | |

2.2. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 200 A og 315 A greiðist yfirlengdar-

1) Yfirlengd reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð.

gjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. At vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4.

2.3. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Pegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t. d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjolsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt hús — er lagt Orkubúinu til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

2.4. Telji Orkubúið að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða helming kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðanaðar- og verslunarhús o. þ. h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1. Grunn gjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 3 090,00.

3.2. Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubúsins, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

3.3. Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftlínustaur í kerfi Orkubúsins, skal greiða eins og 2.1. segir til um miðað við 63 A stofnvar, en að öðru leyti fer um gjald samkvæmt lið 3.1.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kaupþúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Orkubúsins hverju sinni.

III. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM

9. Heimtaugargjald í sveitum.

9.1. Hver sá, er óskar að fá rafmagn frá Orkubúi Vestfjarða í sveitum, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

9.2. Heimtaugargjald skal vera grunn gjald af fasteign að viðbættum hundradshluta af fasteignamatsverði. Grunn gjald skal vera 13 506,00 á hvern notanda og til viðbótar við grunn gjald, skal greiða 1,2 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða, allt að kr. 1 127 970,00 af matsverði, og 0,6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir kr. 1 127 970,00, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspegnulínu veitunnar ekki yfir 1,5 km á hverjar 13 506,00 krónur sem áætlað er að greiðist í grunn gjöldum. Framangreint grunn gjald kr. 13 506,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1482 stig. Grunn gjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunn gjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur orkubússtjóri áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem fasteignamat ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat, skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 620 371,00 kr.

Heimtaugargjöld sumarbústaða, veiðihúsa, verksmíðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra mannvirkja, sem ekki eru í tengslum við búrekstur greiðast samkv. kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Orkubús Vestfjarða. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein (9.2) skulu heimtaugargjöld hækka samkv. nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línnum, sem fram yfir eru.

Lagning heimtaugar í sveit samkvæmt gjaldskrá þessari er háð samþykki orkuráðs hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. mars 1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 685 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 22. febrúar 1984.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Ólafsfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber og reglugerð Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 367 5 ágúst 1975.

2. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsínu enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra, og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað. Einnig selur hitaveitan vatn eftir magnmáli, ef notandi þarf meira vatn í skamman tíma utan mesta álagstíma. Hitaveitustjóri ákveður til hvaða aðila skuli selja vatn eftir magnmáli.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðar verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við starfsmenn hitaveitunnar fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.